

Minjasafn Austurlands



Ársskýrsla
2015



MINJASAFN AUSTURLANDS

Minjasafn Austurlands

Ársskýrsla 2015

© Minjasafn Austurlands

Öll réttindi áskilin

Forsíðumynd: Perla Sigurðardóttir

Útgefandi: Minjasafn Austurlands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður útgáfu: Elsa Guðný Björgvinsdóttir

Höfundar efnis: Elsa Guðný Björgvinsdóttir og Unnur Birna Karlsdóttir

ISSN 1670-8059

Egilsstaðir 2016

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Starfsmannamál	3
3. Störf stjórnar.....	3
4. Opnunartími	3
5. Rekstur og fjármál	4
6. Styrkir.....	4
8. Afhendingar.....	5
9. Útlán	5
10. Gestafjöldi og heimsóknir	5
11. Húsnæðismál	6
11.1 Safnahúsið að Laufskógum 1	6
11.2 Geymslur Minjasafnsins	6
12. Framkvæmdir í sýningarsal	8
13. Sýningar og viðburðir.....	9
13.1 Sjálfbær eining.....	9
13.2 Hreindýrin á Austurlandi	10
13.3 Sumarsýning	11
13.4 Kjarvalshvammur	11
13.5 Bókavaka	11
13.6 Brostu þá margir heyranlega: Sýning og dagskrá um Sigfús Sigfússon.....	12
13.7 Nála.....	13
14. Safnafræðsla	14
15. Ráðstefnur, fundir og námskeið	16
16. Samstarf.....	16
16.1 Ljósmyndasafn Austurlands	16
16.2 Ljóð á vegg	16
16.3 Þjónustusamfélagið á Héraði	17
17. Fjölmiðlaumfjallanir.....	17
18. Lokaorð	17

1. Inngangur

Árið 2015 var um margt viðburðaríkt hjá Minjasafni Austurlands. Ný grunnsýning var opnuð í sumarbyrjun, opnunartími safnsins var lengdur, gestafjöldi jókst til muna, nýr safnstjóri tók til starfa og í fyrsta skipti í langan tíma tók að rofa til í fjármálum safnsins. Ákveðnir áfangar náðust í geymslumálum safnsins og áfram var unnið ötullega að því að bæta skráningu safnkostsins, ljósmynda hann og skrá í menningarsögulega gagnasafnið Sarp.

2. Starfsmannamál

Við safnið voru tvö stöðugildi sem skiptust í 100% stöðu safnstjóra og tvær 50% stöður safnvarða. Þær Edda Björnsdóttir og Beata Fabian gegndu stöðu safnvarða auk þess sem Beata sinnti ræstingum í Safnahúsinu í 40% starfi. Unnur Birna Karlsdóttir sem gengt hafði starfi safnstjóra frá haustmánuðum 2012 sagði stöðu sinni lausri á árinu. Elsa Guðný Björgvinsdóttir, þjóðfræðingur, var ráðin safnstjóri í hennar stað og hóf hún störf 1. september. Unnur var í fullu starfi til 1. júní og eftir það í 20% starfi til 31. ágúst. Tilgangur þeirrar ráðstöfunar var að brúa bilið þar til nýr safnstjóri tæki til starfa 1. september og til að spara launakostnað. Sumarstarfsmenn voru þær Júlía Kristey Jónsdóttir og Rannveig Lóa Haraldsdóttir en þær störfuðu við safnið frá 1. júní – 31. ágúst í 100% stöðum.

3. Störf stjórnar

Stjórn Minjasafnsins skipuðu þær Maríanna Jóhannsdóttir (formaður), Margrét Dögg Guðgeirsdóttir Hjarðar (ritari) og Gunnhildur Ingvarsdóttir fyrir Fljótsdalshérað; Þórdís Sveinsdóttir fyrir Fljótsdalshrepp og Kristjana Björnsdóttir fyrir Borgarfjarðarhrepp. Varamenn voru þeir Skarphéðinn Þórisson og Páll Sigvaldason fyrir Fljótsdalshérað; Gunnar Jónsson fyrir Fljótsdalshrepp og Björn Aðalsteinsson fyrir Borgarfjarðarhrepp.

Stjórn kom fimm sinnum saman til funda á árinu. Þar að auki sátu formaður stjórnar og safnstjóri sameiginlegan fund stjórna Minjasafns og Héraðsskjalasafns Austfirðinga með fulltrúum Fljótsdalshéraðs vegna skuldbindinga sveitarfélagsins vegna fasteignarinnar Laufskógar 1 sem nánar er vikið að í kafla 11.1.

4. Opnunartími

Minjasafnið var lokað fyrri hluta ársins 2015 vegna framkvæmda í sýningarsal og vinnu við uppsetningu nýrrar grunnsýningar. Eftir að safnið var opnað á nýjan leik 1. júní var það opið virka daga kl. 11:30-19:00 og kl. 11:00-18:00 um helgar. Var þetta í fyrsta skipti síðan árið

2011 sem safnið var opið alla daga vikunnar yfir sumartímann. Vetraropnunartími tók við 1. september en hann var mánudaga – föstudaga frá kl. 11:00-16:00. Aðgangseyrir að safninu var 1000 krónur fyrir 18 ára og eldri.

5. Rekstur og fjármál

Rekstrarniðurstaða ársins 2015 var neikvæð að fjárhæð 13,8 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samlagsins í árslok nam 118,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum

6. Styrkir

Styrkir sem Minjasafninu voru úthlutaðir á árinu voru samtals 3.200.000 krónur. Þar var um að ræða rekstrarstyrk frá Safnasjóði að upphæð 1.000.000 krónur, verkefnastyrk frá Safnasjóði að upphæð 1.700.000 krónur og verkefnastyrk frá Landsvirkjun að upphæð 500.000 krónur. Verkefnastyrkirnir tveir voru vegna nýrrar grunnsýningar, Hreindýrin á Austurlandi.

7. Skráning safnkosts

Safnverðir unnu áfram að skráningu safnkosts Minjasafnsins í menningarsögulega gagnasafnið Sarp. Verkefnið fellst í að yfirfara allar fyrri skráningar, samræma þær, mynda munina og skrá allar upplýsingar í Sarp. Jafnframt var unnið að því að prófarkalesa færslur og gera þær aðgengilegar almenningi á ytri vef Sarps. Allt safnastarf stendur og fellur með góðum skráningum, bæði fyrir starfsfólk safna og líka fyrir komandi kynslóðir og því er þetta verkefni gríðarlega mikilvægt.

Í tengslum við uppsetningu nýrrar grunnsýningar Minjasafnsins fóru safnverðir yfir alla muni í sýningarsal Minjasafnsins, mynduðu þá og skráðu í Sarp. Sama var gert við alla muni sem teknir voru úr sýningunni í tengslum við breytingarnar og alla muni sem bætt var við. Nú eru því allir munir í grunnsýningu Minjasafnsins skráðir í Sarp og merktir sem munir á grunnsýningu. Mun þetta vera í fyrsta sinn í starfssögu safnsins sem svo er.

8. Afhendingar

109 gripir bárust Minjasafninu á árinu 2015. Meðal þeirra muna sem bárust safninu á árinu voru gripir tengdir Þjóðdansafélaginu Friðrildunum á Egilsstöðum, munir tengdir grunnskólanum á Hallormsstað, landakort sem notuð höfðu verið við kennslu í grunnskólanum á Mjóafirði fyrr á árum, verðlaunabíkar sem veittur var „Austfirðingi ársins“ um árabil, þrjónavél frá þrjónastofunni Dyngju og heimasníðaður rennibekkur svo fátt eitt sé nefnt. Allir gripir sem afhentir voru Minjasafninu voru skráðir í skráningarkerfið Sarp og upplýsingar um þá aðgengilegar almenningi á ytri vef kerfisins sem finna má á slóðinni, www.sarpur.is.

9. Útlán

Munir sem teknir höfðu verið til sýninga utan Minjasafnsins voru það áfram á árinu. Eiðavinir sýndu áfram muni tengda Alþýðuskólanum á Eiðum í húsnæði skólans og Heilbrigðisstofnun Austurlands á Egilsstöðum sýndi muni sem tengjast heilbrigðisspjónustu á Fljótsdalshéraði í biðstofu sinni. Rarik hafði til sýningar muni í Fjarðaselsvirkjun á Seyðisfirði og munir frá Minjasafninu voru til sýnis á Sómastöðum í Reyðarfirði í samstarfi við safnastofnun Fjarðabyggðar. Þá fékk Óbyggðasetrið í Fljótsdal lánað orgel Vigfúsar Sigurðssonar frá Egilsstöðum í Fljótsdal til að hafa til sýnis. Óbyggðasetrið fékk þá Kristján Gissurarson og Svein Vilhjálmsson til að gera nauðsynlegar lagfæringar á orgelinu svo spila mætti á það á nýjan leik. Fyrirhugað er að framhald verið á samstarfi Minjasafnsins við Óbyggðasetrið því forsvarsfólk setursins hyggst setja upp sýningu helgaða Vigfúsi Sigurðssyni með munum úr safnkosti Minjasafnsins. Áætlað er að sú sýning verði opnuð vorið 2016.

10. Gestafjöldi og heimsóknir

2600 gestir heimsóttu safnið á árinu 2015. Þar af heimsóttu 2000 gestir safnið í júní, júlí og ágúst. Af þessum 2600 gestum sem sóttu safnið heim á árinu komu 620 gestir í opin hús þegar aðgangur að safninu var ókeypis, 319 nemendur komu í skipulagðar skólaheimsóknir, 40 voru kennarar sem fylgdu þeim og 109 komu í sérstakar séropnanir sem haldnar voru að beiðni utanaðkomandi aðila. Aðrir gestir voru það sem kalla má almennir gestir, þar af voru rúmlega 800 erlendir og tæplega 700 íslenskir.

Gestafjöldi ársins 2015 var mjög mikill ef miðað er við árin á undan og tekið er með í reikninginn að safnið var lokað fyrstu sex mánuði ársins. Til viðmiðunar voru gestir safnsins á milli sex og sjö hundruð árið 2014 og í kringum áttahundruð árin 2013 og 2012.

11. Húsnæðismál

Aðsetur Minjasafnsins er í Safnahúsinu að Laufskógum 1 á Egilsstöðum. Húsið er í eigu Fljótsdalshéraðs. Á árinu fékk safnið til umráða aukið geymslurými sem það leigir af Fljótsdalshéraði. Þá voru töluverðar framkvæmdir í sýningarsal safnsins í tengslum við uppsetningu nýrrar grunnsýningar.

11.1 Safnahúsið að Laufskógum 1

Árið 2014 varð Fljótsdalshérað eigandi Safnahússins að Laufskógum 1 á Egilsstöðum þar sem Minjasafnið er til húsa. Samkvæmt samningi sem þá var gerður skuldbatt Fljótsdalshérað sig til að veita 30 milljónum til viðhalds- og endurbótaverkefna á húsnæðinu á árunum 2014 og 2015. Á haustmánuðum 2015 óskaði sveitarfélagið eftir því að frestur til að sinna þessum verkefnum yrði framlengdur til ársloka 2017 þar sem viðræður væru í gangi við ríkið um fjármagn til að ráðast í byggingu annars áfanga Safnahússins. Fulltrúar bæjarstjórnar funduðu með fulltrúum stjórnna Minjasafnsins og Héraðsskjalasafnsins í byrjun desember til að fara yfir málið. Stjórnir safnanna samþykktu á fundinum að framlengja framkvæmdatíma umrædds samningsins, þó með fyrirvara um að hve miklu leyti hann hefur verið uppfylltur fram að þessu. Í tengslum við það óskuðu stjórnirnar eftir nánari sundurliðun á útgjaldaliðum vegna viðhalds og endurbóta í Safnahúsi á árunum 2014 og 2015. Sú sundurliðun hafði ekki borist í árslok.

11.2 Geymslur Minjasafnsins

Geymslur Minjasafnsins í Safnahúsinu eru yfirfullar og um árabil hefur verið unnið að því að finna lausn á þeim vandræðum. Á árinu náðist ákveðinn áfangi í þeim málum þegar undirritaður var samningur milli Fljótsdalshéraðs og Minjasafns Austurlands um að safnið fengi til leigu húsnæði í eigu sveitarfélagsins að Tjarnási 9 á Egilsstöðum. Safnið fékk rýmið afhent í apríl og var þá ráðist í að flytja þangað stærri muni sem víkja urðu úr sýningarsal safnsins við gerð nýrrar grunnsýningar. Ætlunin var að eitt fyrsta verkefni nýs safnstjóra yrði að innrétta geymslurnar að Tjarnarási og skipuleggja frekari flutninga safngripa þangað. Við skoðum á geymslunni í september kom hins vegar ljós að vatn hafði lekið inn á einum stað (úr lofti) auk þess sem útidyrhurð var óþétt og þar komust vatn og óhreinindi inn. Umsjónarmanni fasteigna Fljótsdalshéraðs var gert viðvart og bráðabirgðaviðgerð gerð á hurðinni í framhaldi af því. Við eftirlit kom í ljós að lekinn var viðvarandi. Ekki þótti forsvaranlegt að setja safngripinn inn í húsnæðið í þessu ástandi. Geymslan hefur því ekki nýst


safninu sem skyldi á árinu 2015 en viðræður standa yfir við sveitarfélagið um lausnir á málinu.

Um árábil, eða allt frá árinu 1998, hefur Minjasafnið leigt geymslurými í útihúsum á Skeggjastöðum í Fellum undir ýmsa stærri safngripi. Samningi þessum var sagt upp á árinu og munirnir fluttir í Egilsstaði. Unnur Birna, fráfarandi safnstjóri sá um flutningana sem tóku þrjá daga og naut dyggrar aðstoðar nokkurra sjálfbóðaliða, þeirra Baldurs Pálssonar, Óskars Bjarnasonar og Gunnsteins Hallgrímssonar sem lögðu til vinnu, tæki og tól. Eru þeim færðar bestu þakkir fyrir ómetanlega aðstoð og velvilja í garð safnsins. Eigendum Skeggjastaða eru einnig færðar þakkir fyrir gott samstarf í gegnum árin.

Mununum var komið fyrir í gamla Kornskálanum við Sláturhúsið á Egilsstöðum en þar hafði Fljótsdalshérað lagt til rými fyrir munina. Er sú ráðstöfun þó aðeins til bráðabirgða því rýmið uppfyllir ekki kröfur um geymslur safngripa. Ljóst er að annað hvort þarf að ráðast í endurbætur á rýminu eða flytja gripina annað. Framundan er að fara yfir þessa muni, meta varðveislugildi þeirra, þörf á endurbótum og finna út hvar hægt er að geyma þá til frambúðar.

12. Framkvæmdir í sýningarsal

Fyrri helming ársins 2015 alveg til máíloka var starfsemin á Minjasafninu undirlögð af framkvæmdum í sýningarsal, hönnum og gerð leikmyndar og uppsetningu sýningarmuna, texta og sýningarspjalda vegna gerðar nýrrar grunnsýningar og uppfærslu á hluta af eldri sýningu. Fyrir áramót 2015 hafði sýningarsalur verið endurbættur með því að byrgja glugga með betri hætti en áður, svo núna er dagsljós byrgt úti en þannig gengið frá að loftun um gluggabúnað á að vera tryggð. Salurinn var allur málaður að nýju í þeim litum sem henta mundi samkvæmt forskrift sýningarhönnuðar nýrrar grunnsýningar safnsins og uppfærðri eldri grunnsýningu. Einnig var settur upp nýr milliveggur í sýningarrými hægra megin við inngang í þágu þess að hólfa þar af sérsýningarýmið sem þar er.



Frá framkvæmdum í sýningarsal. Gluggar voru byrgðir, veggir málaðir og leikmynd smíðuð úr lerki úr Hallormsstaðaskógi. Mvndir: U.B.K.

13. Sýningar og viðburðir

Margar og fjölbreyttar sýningar og viðburðir voru á vegum safnsins á árinu 2015. Ber þar hæst opnun nýrrar grunnsýningar. Grunnsýning safnsins er nú tvíþætt, annars vegar er þar um að ræða sýninguna *Sjálfbær eining* sem fjallar um gamla sveitasamfélagið og hins vegar sýninguna *Hreindýrin á Austurlandi* sem fjallar um sambúð manna og hreindýra á Austurlandi. Farandsýningin *Nála* heimsótti Safnahúsið á haustdögum og söfnin í Safnahúsinu stóðu einnig fyrir sýningu og dagskrá í tilefni af því að 160 ár voru liðin frá fæðingu Sigfúsar Sigfússonar þjóðsagnasafnara frá Eyvindará.

13.1 *Sjálfbær eining*

Yfirskrift sýningarinnar vísar til þess að áður fyrr þurfti hvert íslenskt sveitaheimili að vera sjálfu sér nægt um brýnustu lífsnauðsynjar, fæði, klæði, áhöld, verkfæri og húsaskjól. Til sýnis eru ýmsir gripir sem tilheyra sögu gamla sveitasamfélagsins á Austurlandi eins og það var fram undir miðja 20. öld. Þessir gripir eru



vitnisburður um búskaparhætti, handverk og lífsbaráttu fólks sem lifði af landi sínu og bústofni fyrir daga nútímataekni. Um er að ræða heimagerða íslenska muni en einnig innflutta hluti sem Austfirðingar gátu keypt í verslunum kaupmanna í fjórðungnum. Flestir gripirnir á sýningunni tengjast hagnýtu hlutverki þeirra í daglegu lífi, bústörfum, klæða- og matargerð. Aðrir gripir á sýningunni endurspeglar að lífið snerist ekki aðeins um hið hagnýta heldur einnig um að búa til fallega hluti til prýði og yndisauka. Hluti grunnsýningarinnar er tileinkaður Guttormi Pálssyni (1884-1964) skógarverði á Hallormsstað og eru munir í sýningunni frá Hallormsstað úr fórum hans og fjölskyldu hans.

13.2 Hreindýrin á Austurlandi

Sýningin Hreindýrin á Austurlandi var eins og áður sagði opnuð í júní 2015. Sýningin fjallar um lífshætti og lífsbaráttu hreindýranna, hættur sem þau búa við af náttúru- og mannavöldum, rannsóknir á þeim, sögu hreindýraveiða og hvernig afurðir dýranna hafa verið nýttar í



matargerð, handverki og hönnun. Sýninguna prýða einstakar ljósmyndir Skarphéðins G. Þórissonar af hreindýrum á Austurlandi og einnig er á sýningunni kvikmyndin Á hreindýraslóðum eftir Eðvarð Sigurgeirsson sem tekin var í leiðöngrum hans og Helga Valtýssonar í Kringilsárrana árin 1939, 1943 og 1944. Annað myndefni er stuttmynd (teiknimynd), sem sérstaklega var unnin fyrir sýninguna, um hreinreið Bjarts í Sumarhúsum eftir Láru Garðarsdóttur teiknimyndahönnuð og leikstjóra og ný heimildamynd Hjalta Stefánssonar og Heiðar Óskar Helgadóttur hjá Tókatækni um hreindýrin. Einnig er hægt að hlusta á frásagnir hreindýraveiðimanna auk þess sem mikið magn gamalla og nýrra ljósmynda af hreindýraveiðum og fleiru er á sýningunni og ýmsir munir unnir úr hreindýrshorni og hreindýrsskinni. Sýningarstjóri var Unnur Birna Karlsdóttir, fráfarandi safnstjóri Minjasafnsins en sýningarhönnun var í höndum Björns G. Björnssonar. Samstarfsaðilar voru Náttúrustofa Austurlands og Umhverfisstofnun auk þess sem fjöldi einstaklinga og stofnanna lögðu verkefninu lið, t.d. með láni á munum og ljósmyndum eða með ráðgjöf. Eru þeim öllum færðar bestu þakkir fyrir aðstoðina.

Skólabörn í 5. bekk Egilsstaðaskóla lærðu um hreindýrin á vorönn 2015 og var þar um



Hreindýrshöfuð úr leir eftir nemendur 5. bekkjar í Egilsstaðaskóla. Mynd: U.B.K.

að ræða þverfaglegt verkefni sem unnið var af kennurum hinna ýmsu greina. Ein afurð þessa verkefnis voru ótal hreindýrshöfuð úr leir sem nemendur unnu undir handleiðslu Írisar Lindar Sævarsdóttur myndmenntakennara. Þessi skemmtilegu listaverk voru til sýnis á Minjasafninu sumarið 2015 í tengslum við hreindýrasýninguna.

13.3 Sumarsýning

Sérsýning Minjasafnsins sumarið 2015 var hluti af sýningunni Hreindýrin á Austurlandi og var þemað hönnun úr hreindýraskinni. Ágústa Margrét Arnardóttir hönnuður og eigandi fyrirtækisins Arfleifðar á Djúpavogi sýndi þar hluti úr hönnunarsmiðju sinni, úr hreindýraskinni og fleiri náttúruafurðum. Sýningin stóð frá byrjun júní og fram til loka september.

13.4 Kjarvalshvammur

Kjarvalshvammur í Hjaltastaðapinghá, sumardvalastaður Jóhannesar Kjarval, hefur verið í umsjón Minjasafnsins um árabíl. Farnar voru tvær eftirlitsferðir í hvamminn, ein að vori og önnur að hausti til að búa húsið undir veturinn. Húsið er ekki opið almenningi en gestir geta kíkt á gluggana og virt fyrir sér aðstöðu Kjarvals.

13.5 Bókavaka

Árleg bókavaka Safnahússins fór fram 26. nóvember. Skipulagning og framkvæmd hennar hvíldi aðallega á herðum starfskvenna Bókasafnsins en starfskonur Minjasafnsins og Héraðsskjalasafnsins komu einnig að undirbúningi.

13.6 Brostu þá margir heyranlega: Sýning og dagskrá um Sigfús Sigfússon

Á haustdögum voru 160 ár liðin frá fæðingu Sigfúsar Sigfússonar þjóðsagnasafnara frá Eyvindará. Af því tilefni sameinuðust söfnin í Safnahúsinu um að setja upp sýningu helgaða honum. Á sýningunni voru veggspjöld með margvíslegum fróðleik um Sigfús og verk hans, bréf, skjöl og bækur úr fótum Sigfúsar og munir sem tengjast þeim tíma sem Sigfús var uppi. Einnig var útbúið stafrænt kort af Austurlandi þar sem smella mátti á mismunandi staði og hlusta á þjóðsögur úr safni Sigfúsar frá viðkomandi stað. Rúnar Snær Reynisson las sögurnar en Kristján Krossdal hjá PES ehf sá um forritun.

Sýningin sem bar yfirskriftina „Brostu þá margir heyranlega“ var opnuð 31. október, á Dögum myrkurs, og við sama tilefni stóðu söfnin fyrir sérstakri Sigfúsarvöku. Á vökunni var fluttur margs konar fróðleikur um Sigfús, sögur hans lesnar og ljóð sungin. Auk starfskvenna safnanna stigu þar á stökk Jón Atli Gunnlaugsson, Díska María Egilsdóttir, Áslaug Sigurgestdóttir og Freyja Jónsdóttir. Um 50 gestir komu á vökuna og voru viðtökur þeirra afar góðar.



Fyrir ofan: Áslaug Sigurgestdóttir og Freyja Jónsdóttir flytja lög og ljóð Sigfúsar Sigfússonar. Mynd: E.G.B.

Til hliðar: Gestir á Sigfúsarvöku í Safnahúsinu hlýða á dagskrá og skoða sýninguna. Myndir: E.G.B

13.7 Nála

Sýningin Nála var opnuð í anddyri Minjasafnsins þann 4. nóvember. Þar var á ferðinni farandsýning eftir Evu Þengilsdóttur en sýningin er byggð á barnabók eftir sama höfund. Bókin ber heitið Nála-Riddarasaga og er ævintýri um baráttu góðs og ills, innblásið af íslenskri sagnahefð og menningararfi. Sýningin hafði áður verið sett upp á Þjóðminjasafninu í Reykjavík, Sögusetrinu á Hvolsvelli og Amtsbókasafninu á Akureyri. Eftir dvölinu fyrir austan fór sýningin svo vestur í Safnahúsið á Akranesi.

Markhópur sýningarinnar var yngsta stig grunnskóla en aðrir aldurshópar gátu einnig haft gagn og gaman að henni. Á sýningunni var ýtt undir hugmyndaflug og sköpunargleði og gestir hvattir til að snerta, skapa og skemmta sér. Þá útbjó Eva skemmtilegan ratleik í tengslum við sýninguna sem var sérsniðinn að Safnahúsinu og teygði anga sína inn á öll söfnin og þær sýningar sem þar voru. Sýningin vakti mikla lukku meðal nemenda og kennara og skapaði skemmtilegt tækifæri fyrir skólana til að heimsækja Safnahúsið. Ekki spillti fyrir að börnunum gafst kostur á að skoða aðrar sýningar í húsinu í gegnum fyrrnefndan ratleik og fræðast þannig um gamla tíma, hreindýr, Sigfús Sigfússon þjóðsagnasafnara og fleira.



Grunnskólabörn skapa, fræðast og skemmta sér á sýningunni um Nálu í Safnahúsinu. Myndir: E.G.B

14. Safnafræðsla

Samkvæmt gildandi stefnumörkun er eitt af hlutverkum Minjasafns Austurlands að sinna safnafræðslu. Jafnframt er það skylda safnsins sem viðurkennds safns að taka á mótí skólahópum. Ekki hefur verið starfandi safnakennari við safnið síðan árið 2012 og því hafa starfskonur safnsins sinnt safnafræðslunni í hjáverkum. Mikill áhugi er í skólasamfélaginu á samstarfi við Minjasafnið og að sama skapi er vilji innan safnsins til að koma til móts við þennan áhuga og sinna fræðsluhlutverkinu af myndarbrag.

Í haust voru skólastjórum á Austurlandi send kynningarbréf um Minjasafnið þar sem nemendur skólanna og kennarar voru boðnir velkomnir í heimsókn á safnið. Kennarar voru einnig hvattir til að setja sig í samband við safnstjóra ef þeir hefðu áhuga á að nýta safnkost safnsins við kennslu. Þar að auki var sýningin um Nálu sérstaklega kynnt fyrir kennurum á yngsta stigi í grunnskólum á Austurlandi og þeim boðið að koma með nemendur sína á sýninguna.

Frá september og fram í desember sóttu 319 nemendur Minjasafnið heim í 16 skipulögðum heimsóknum. Nemendurnir voru á öllum skólastigum, 40 leikskólabörn, 228 grunnskólanemendur og 51 framhaldsskólanemandi. Þessum nemendum fylgdu 40 kennarar. Tilgangur heimsóknanna var fjölbreyttur, í sumum þeirra var einfaldlega óskað eftir almennri leiðsögn um sýningar safnsins en í öðrum tilfellum var tilgangurinn að skoða ákveðin efni sem tengdust á einhvern hátt námsefni barnanna. Þannig komu t.d. nemendur 5. bekkjar



Veiðimenn framtíðarinnar úr Fellaskóla virða fyrir sér vopn á sýningunni Hreindýrin á Austurlandi. Mynd: E.G.B..



Nemendur úr Egilsstaðaskóla leysa þrautir í ratleik. Mynd: E.G.B.

Egilsstaðaskóla gagngert til að skoða textíl og mynsturgerð og var heimsóknin hluti af námi þeirra í mynd- og textílmennt. Þá komu nemendur af miðstigi Fellaskóla í heimsókn til að skoða hreindýrasýninguna en heimsóknin var hluti af valgrein þar sem krakkarnir fræðast um veiðar og nýtingu náttúrunnar. Þá dróg farandsýningin Nála sem fjallað var um í kafla 13.7 til sín marga grunnskólahópa en 179

nemendur af yngsta stigi heimsóttu safnið gagngert til að skoða þá sýningu.

Minjasafnið átti einnig gott samstarf við Menntaskólann á Egilsstöðum á árinu. Sögu kennarar Menntaskólans á Egilsstöðum nýttu safnið í kennslu sinni auk þess sem heimsókn á safnið er nú orðinn hluti af áfanganum *Listir á líðandi stundu* sem er skylduáfangi við skólann. Þegar fram líða stundir munu því allir nemendur sem útskrifast úr Menntaskólanum hafa komið að minnsta kosti einu sinni á Minjasafnið.

Allir skólahópar sem heimsóttu Minjasafnið á árinu voru frá Fljótsdalshéraði utan einn sem kom frá Seyðisfirði. Það er ljóst að skólarnir á Fljótsdalshéraði, og þá sérstaklega skólarnir á Egilsstöðum, eiga mun greiðari aðgang að safninu en aðrir skólar með tilliti til fjarlægðar og samgangna. Í framtíðinni væri því vert að skoða hvernig koma mætti til móts við þá skóla í fjórðungnum sem erfiðara eiga með að heimsækja safnið vegna fjarlægðar.

Mikill áhugi er í skólasamfélaginu á að nýta það sem safnið hefur uppá að bjóða í skólastarfinu. Vonir standa til að hægt verði að auka samstarf við skólana og efla samtalið á milli safnsins og skólasamfélagsins með það að markmiði að efla safnafræðsluna. Næstu skref yrðu svo að þróa safnafræðslu fyrir aðra hópa samfélagsins.



*Hlustað á þjóðsögur úr safni Sigfúsar Sigfússonar
Mynd: E.G.B..*



*Stúlkur af leikskólanum
Tjarnarskógi á Egilsstöðum
leika sér með leikföng fyrri
tíma. Mynd: E.G.B.*



*Sumt má skoða með
fingrunum. Mynd: E.G.B.*

15. Ráðstefnur, fundir og námskeið

Fráfarandi safnstjóri sat í stjórn Félags íslenskra safna og safnamanna (FÍSOS) þar til hún hætti störfum á Minjasafninu.

Nýr safnstjóri og safnverðir Minjasafnsins sóttu árlegan Farskóla safnamanna sem að þessu sinni var haldinn á Höfn í Hornafirði og bar yfirskriftina *Varðveisla til framtíðar*. Þar flutti fjöldi erlendra og innlendra fyrirlesara erindi um margvísleg málefni sem tengjast safnastarfi.

Safnstjóri sat vinnustofu um áfangastaðinn Austurland sem fram fór í Sláturhúsinu 3. október. Þar komu saman hagsmunaaðilar af öllu Austurlandi í þeim tilgangi að ræða um og móta Austurland sem ákjósanlegan áfangastað fyrir innlenda og erlenda ferðamann. Söfn fjórðungsins gegna þar stóru hlutverki, bæði sem afþreying fyrir ferðamenn og einnig sem varðveislustaðir menningar og sögu fjórðungsins.

Fulltrúar Minjasafnsins sátu fund um verndun menningararfða (einnig þekkt sem óáþreifyanlegur menningararfur) sem haldinn var á Egilsstöðum 28. nóvember. Fundurinn var hluti af fundaröð sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið stóð fyrir og er tilkominn vegna þess að íslensk stjórnvöld hafa samþykkt að innleiða sáttmála UNESCO um verndun menningararfða. Tilgangur fundanna var að vekja athygli á og safna upplýsingum um óáþreifyanlegan menningararf.

16. Samstarf

Eins og undanfarin á átti Minjasafnið í samstarfi við fjölmarga aðila. Hér á eftir verður fjallað nánar um helstu samstarfsverkefni.

16.1 Ljósmyndasafn Austurlands

Minjasafnið var, eins og undanfarin ár, aðili að Ljósmyndasafni Austurlands sem er sérstök deild innan Héraðsskjalasafns Austfirðinga og hefur það umsjón með rekstri þess og verkefnum. Ljósmyndasafnið geymir í kringum 80 þúsund myndir en allar ljósmyndir sem berast Minjasafninu eru varðveittar þar. Minjasafnið veitir fé til reksturs ljósmyndasafnsins að einum þriðja.

16.2 Ljóð á vegg

Undanfarin á hefur Fljótsdalshérað staðið fyrir verkefni sem ber heitið Ljóð á vegg. Fellst verkefnið í því að skreyta valdar byggingar í Egilsstaðabæ með ljóðum eftir höfunda af

svæðinu. Söfnin í Safnahúsinu og leik- og grunnskólar á Fljótsdalshéraði eiga sinn fulltrúann hvor í starfshópi sem sér um að velja ljóðin. Fulltrúi safnanna á árinu 2015 var Jóhanna Hafliðadóttir, forstöðumaður Bókasafns Héraðsbúa.

16.3 Þjónustusamfélagið á Héraði

Minjasafnið gerðist aðili að Þjónustusamfélaginu á Fljótsdalshéraði árið 2014 og hélt því áfram á árinu 2015, en það eru samtök stofnana, fyrirtækja og ferðaþjónustuaðila á svæðinu með það að markmiði að efla upplýsingagjöf og þjónustu á Fljótsdalshéraði við íbúa og ferðamenn. Aðild safnsins felst í greiðslu árgjalds og sú þjónusta sem safnið naut á vegum Þjónustusamfélagsins á árinu 2014 var auglýsing og kynningarefni á vefnum Visit Egilsstaðir; <http://www.visitegilsstadir.is/is>.

17. Fjölmiðlaumfjallanir

Allir viðburðir og sýningar á vegum Minjasafnsins voru auglýstir á heimasíðu og Facebook-síðu safnsins. Þá voru fréttatilkynningar sendar á helstu fjölmiðla, innan og utan fjórðungs. Fjallað var um opnun sýningarinnar Hreindýrin á Austurlandi á hinum ýmsu vefmiðlum og einnig í þættinum Glettum að austan á sjónvarpsstöðinni N4. Þá var einnig fjallað um sýninguna um Sigfús Sigfússon í sama þætti auk sérstaks innslags um starfsemi Minjasafnsins. Grein um sýninguna Hreindýrin á Austurlandi birtist síðan í safnablaðinu Kvisti.

18. Lokaorð

Árið 2015 var viðburðaríkt hjá Minjasafni Austurlands eins og þessi skýrsla ber með sér. Opnun nýrrar grunnsýningar stendur þar upp úr enda mikil vinna sem lá þar að baki. Vonir standa til að sýningin nái að festa sig í sessi og verða aðdráttarafl fyrir þann vaxandi fjölda ferðamanna sem leggja leið sína um Austurland.

Þó árið 2015 hafi verið viðburðaríkt þá er safnið ekki lagst í dvala því margt er framundan í starfi þess. Auk hefðbundins sýningarhalds er nú þegar hafinn undirbúningur að gerð nýrrar heimasíðu fyrir Minjasafnið, vonir standa til að hægt verði að klára flutninga safngripa í nýjar geymslur og stefnt er að því að auka samstarf við skóla og aðra hópa samfélagsins svo fátt eitt sé nefnt.